

## LÖG

**um breyting á lögum um fullnustu refsídóma, sem kveðnir hafa verið upp  
í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl.,  
nr. 69 12. desember 1963.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 20. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Dómsmálaráðherra er heimilt að fela lögreglustjóra eða öðrum aðila á landsvísu að ákveða hvort verða skuli við tilmælum skv. 1. gr.

2. gr.

Við 26. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Dómsmálaráðherra er heimilt að fela lögreglustjóra eða öðrum aðila á landsvísu að bera fram tilmæli eftir ákvæði 2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 13. júní 2006.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Björn Bjarnason.